

## 45. gr.

Bannað er að hundbeita fénaði í rekstri eða smölun að óþörfu. Ekki má heldur misþyrma búfénaði á nokkurn annan hátt. Valdi hundar tjóni á búfé er eiganda þeirra skylt að bæta það að fullu.

## 46. gr.

Ef búfé annarra veldur óeðlilega miklum ágangi er eigandi þess skyldur að sækja það þá honum hefur verið tilkynnt um það. Ágangsfénaði skal eigandi koma fyrir í vörslu eða á afrétti.

Ágangspoli getur skotið máli sínu til sveitarstjórnar skv. 31. gr. laga nr. 6/1986, sinni fjáreigandi ekki ósk hans um að koma í veg fyrir ágang.

Sá sem tekur fé í vörslu sína má ekki fara illa með það á nokkurn hátt. Hann skal sjá um að nægilegt fóður og vatn sé fært fénu.

## 47. gr.

Kinda sem fara fullgildar girðingar, að dómi úttektarmanna, skulu eigendur gæta svo og stórgripa sem brjóta hlið og girðingar.

Geri þeir það ekki má sveitarstjórn taka ágangspening og selja fyrir kostnaði og usla-gjöldum.

## XIII. KAFLI

**Refsiákvæði og gildistaka.**

## 48. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi sem héraðsnefnd Austur-Skaftafellssýslu hefur samið, staðfestist hér með, samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um fjallskil, meðferð á óskilafé, refaveiðar o.fl. fyrir Austur-Skaftafellssýslu nr. 34 12. mars 1951.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 30. ágúst 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Jón Höskuldsson.*

**FJALLSKILASAMÞYKKT**

**fyrir Strandasýslu.**

## I. KAFLI

**Stjórn fjallskilamála.**

## 1. gr.

*Gildissvið.*

Samþykkt þessi tekur til allra afréttar- og fjallskilamála í Strandasýslu.

## 2. gr.

*Fjallskilaumdæmi og fjallskilanefndir.*

Héraðsnefnd Strandasýslu hefir á hendi yfirstjórn allra afréttar- og fjallskilamála í sýslunni. Sveitarstjórnir annast stjórn og framkvæmd þessara mála, hver í sínu sveitarfélagi, eða í samvinnu þar sem henta þykir. Heimilt er sveitarstjórnnum, einum sér eða í samvinnu, að kjósa fjallskilanefndir er sjái um framkvæmd fjallskila á viðkomandi svæði.

## II. KAFLI

**Notkun upprekstrarlanda o.fl.**

## 3. gr.

*Upprekstrarlönd og notkun þeirra.*

Sveitarstjórn í hverju sveitarfélagi skal annast, að þeir fjáreigendur, sem ekki hafa nægilegt upprekstrarland fyrir fénað sinn, fái upprekstur annars staðar í sveitarfélaginu þar sem fjalllendi er nægilegt. Gjald til eiganda upprekstrarlands fer eftir samningi, eða ef samkomulag næst ekki, eftir ákvörðun viðkomandi sveitarstjórnar. Þó getur sá aðili, sem eigi vill una slíkri ákvörðun, krafist mats dómkvaddra manna um gjaldhæð.

## 4. gr.

*Ágangur á heimalönd.*

Nú verður ágangur búfjár úr einu heimalandi í annað, og getur þá sá, er fyrir ágangi verður kært til hreppstjóra. Sé um að ræða verulegan ágang fjár úr öðrum sveitarfélögum, getur sá er fyrir verður, kafið hinn aðilann um gjald fyrir eða að hann sendi mann í göngur. Um ákvörðun gjalds fer eftir ákvæðum 3. gr. samþykktar þessarar.

## III. KAFLI

**Bygging og viðhald rétta.**

## 5. gr.

*Bygging og viðhald rétta.*

Sveitarstjórnir og fjallskilanefndir annast byggingu og viðhald skilarétta og sundurdráttarrétta. Kostnaður við nýbyggingu, endurbyggingu og viðhald rétta greiðist úr fjallskilasjóði viðkomandi sveitarfélags eða sveitarfélaga, eða úr viðkomandi sveitarsjóði eða sveitarsjóðum ef fjallskilasjóður er ekki til staðar. Landeigandi á rétt á bótum fyrir jarðrask vegna réttarbyggingar að mati dómkvaddra manna.

## 6. gr.

*Dilkrými í réttum.*

Dilkar í fjárréttum skulu svo rúmgóðir, að enginn þurfi að hleypa út fé fyrr en sundurdrætti er lokið. Skyld er að sjá utansveitarmönnum fyrir nægilegu dilkrými og aðstaða skal vera til að einangra sjúkar kindur. Ómerkingum, óskilafé og línubrjótum skulu ætlaðir sérstakir dilkar.

## IV. KAFLI

**Mörk og markaskrá.**

## 7. gr.

*Mörk.*

Til búfjarmarka teljast eydamörk, brennimörk, plötumerki og frostmerkingar. Hver búfjáreigandi er skyldur til að merkja greinilega allt sauðfé, geitfé og hross.

## 8. gr.

*Merkingar sauðfjár.*

Sérhver sauðfjáreigandi er skyldur til að hafa skýrt eyrnamark á fé sínu, ásamt plötumerki með númeri bæjar og sveitarfélags og sýslutákni. Á hinni hlið merkisins skal skráð númer gripsins, og skal litur merkisins vera í samræmi við reglugerð nr. 579/1989, með síðari breytingum.

## 9. gr.

*Númer sveitarfélaga.*

Notuð skulu eftirtalin tákn og númer fyrir sveitarfélög á brennimörk og plötumerki:

Bæjarhreppur .....	T - 1
Broddaneshreppur (áður Óspakseyrarhreppur) .....	T - 2
Broddaneshreppur (áður Fellshreppur) .....	T - 3
Kirkjubólshreppur .....	T - 4
Hólmavíkurhreppur .....	T - 5a
Hólmavíkurhreppur (áður Hrófbergshreppur) .....	T - 5
Hólmavíkurhreppur (áður Nauteyrarhreppur) .....	NÍ-6 eða T - 8
Kaldrananeshreppur .....	T - 6
Árneshreppur .....	T - 7

## 10. gr.

*Markaskráning.*

Héraðsnefnd skal láta prenta markaskrá sýslunnar svo oft sem lög mæla fyrir um og felur markaverði söfnun marka, umsjón með mörkum og gerð og útgáfu markaskráa.

## 11. gr.

*Markagjöld.*

Hver markeigandi skal greiða markagjald fyrir innfærslu marks í markaskrá. Skal gjaldið ætíð vera svo hátt að það nægi fyrir öllum kostnaði við söfnun marka, svo og skráningu, prentun og útsendingu markaskrár. Greiða skal gjaldið til markavarðar um leið og tilkynnt er um mark.

## 12. gr.

*Upplag markaskrár.*

Markaskrá skal prenta í svo mörgum eintökum að hver markeigandi geti fengið eitt eintak. Einnig skal henni dreift til oddvita, hreppstjóra, lögreglustjóra, sláturhúsa, vörslumanna búfjár, markavarða aðliggjandi fjallskilaumdæma og annarra sem málið varðar.

## 13. gr.

*Ný mörk o.fl.*

Vilji einhver taka upp nýtt mark, nota aðflutt mark eða skrá nýjan eiganda að marki á milli útgáfa markaskráa, skal hann sækja um það til markavarðar, sem annast auglýsingu marksins í Lögbirtingablaðinu. Er það þá heimilt til notkunar.

## V. KAFLI

**Göngur og réttir.**

14. gr.

*Fjallskil.*

Fjallskilaskyldur er hver fjáreigandi, ábúandi eða húsráðandi, sem fé á eða hross. Einnig er hann fjallskilaskyldur fyrir börn sín, eigi þau fé, einnig fóðrafé. Nú er jörð í eyði og land hennar ekki lagt til upprekstrar eða sameiginlegs bithaga með samningum, og er þá eiganda eða umboðsmanni hans skylt að annast um fjallskil jarðarinnar eins og byggð væri. Nú fellur sveitarfélag eða verulegur hluti þess úr byggð, og skal þá héraðsnefnd sjá um að fjallskil séu framkvæmd á eyðilöndum. Kostnaður við þau skiptast þannig, að eigendur bera  $\frac{1}{2}$ , hreppar þeir, er fjárvon eiga í löndunum,  $\frac{1}{4}$ , og ríkið  $\frac{1}{4}$ . Bændasamtök Íslands úrskurða kostnaðarreikninga.

15. gr.

*Undanþága frá fjallskilaskyldu.*

Sá er notar land í öðru sveitarfélagi fyrir fénað sinn, eða nokkurn hluta hans, skal hafa tilkynnt það sveitarstjórn þar sem hann á heima, áður en 12 vikur eru af sumri, og er hann þá undanþeginn fjallskilaskyldu fyrir þennan fénað. Sama gildir um fénað sem sannanlega gengur ætíð í öruggum girðingarhólfum eða í eyjum.

16. gr.

*Niðurfjöfnun fjallskila.*

Fjallskilum í sumarhögum skal jafna niður á fjallskilaskylda aðila í hlutfalli við tölu fjallskilaskylds búpenings. Fjallskil skulu innt af hendi í vinnu, eftir því sem þörf krefur og við verður komið, ella galdin í peningum eftir mati sveitarstjórna.

17. gr.

*Fjallskilasjóður.*

Heimilt er að mynda fjallskilasjóð fyrir hvert réttarsvæði. Skal fjallskilareikningur endurskoðast á sama hátt og sveitarsjóðsreikningar.

18. gr.

*Fjallskilaseðill.*

Hlutaðeigandi sveitarstjórn eða fjallskilanefnd skal árlega, í tæka tíð, semja fjallskilaseðil, þar sem hún fyrirskipar hvernig fjallskilum skuli hagað. Skal hún tilnefna einn eða fleiri leitarstjóra í sveitarfélaginu, sem stjórnir göngum leitarmanna og annist að allt fari vel og skipulega fram.

19. gr.

*Vanræksla.*

Nú vanrækir maður án lögmætra ástæðna að inna fjallskil af hendi, og skal hann þá, eftir ákvörðun sveitarstjórnar, auk greiðslu fyrir fjallskilin eins og þau eru metin, gjalda sekt í fjallskilasjóð eða sveitarsjóð þar sem enginn fjallskilasjóður er, allt að helmingi af matsverði fjallskilanna.

## 20. gr.

*Haustleitir.*

Tvær skulu fjallgöngur á hausti. Viðkomandi sveitarstjórn eða fjallskilanevnd ákveður leitardaga á sínu svæði. Þá skal smala allt land þar sem fénaður hefur gengið á sumarreit, sem mest á sama tíma. Sérstaklega skal þess gætt að göngur fari fram samtímis á samliggjandi leitarsvæðum svo að eigi verði misgöngur. Skulu leitarstjórnar hafa samráð um þá tilhögun sem best er talin henta til að tryggja samræmingu við smölun. Sveitarstjórnir eða fjallskilanevndir geta, ef þurfa þykir, fyrirskipað þriðju leit og ákveðið leitardag.

## 21. gr.

*Réttardagar.*

Skilaréttir skulu vera þessar, taldar upp í tímaröð, sú fyrri í 22. viku sumars og sú seinni tveim vikum síðar:

<b>Réttir</b>	<b>Fyrri 22. vika sumars</b>	<b>Seinni 24. vika sumars</b>
Í Hrutafirði, innan Fjarðarhornslínu	laugardagur	sunnudagur
Hvalsárrétt í Hrutafirði	laugardagur	sunnudagur
Í Bitrubotni innan varnarlínu	laugardagur	laugardagur
Í Bitrufirði norðan varnarlínu	sunnudagur	laugardagur
Í Kollafirði	sunnudagur	laugardagur
Kirkjubólssrétt í Tungusveit	sunnudagur	laugardagur
Skeljavíkurrétt við Hólmavík	laugardagur	laugardagur
Staðarrétt í Steingrímsfirði	sunnudagur	sunnudagur
Heimaréttir á Langadalströnd	sunnudagur	laugardagur
Skarðsrétt í Bjarnarfirði	laugardagur	laugardagur
Kjósarrétt og Melarétt í Árneshreppi	laugard. 21. viku	laugard. 22. viku

Sundurdrátt má hafa þar sem hlutaðeigandi sveitarstjórnir eða fjallskilanevndir ákveða, og skal færa til skilaréttar það fé sem ekki er dregið upp í sundurdráttarrétt. Heimilt er hlutaðeigandi sveitarstjórn eða fjallskilanevnd að ákveða aðra réttardaga ef nauðsyn krefur.

## 22. gr.

*Réttarstjórnar.*

Sveitarstjórnir skipa réttarstjóra. Þeir skulu sjá um að réttarstörf gangi sem greiðast, og skulu réttarmenn hlíta fyrirmælum þeirra í hvívetna. Skyld er hverjum þeim sem fjárvon á í skilarétt að mæta þar á réttum tíma til sundurdráttar eða gera ráðstafanir til að féð sé hirt.

## 23. gr.

*Skyldur fjáreigenda.*

Rétt er sveitarstjórn eða fjallskilanevnd að setja um það ákvæði í leitarseðil, ef hún telur þess þörf, hversu marga menn hver fjáreigandi skal leggja til í réttina, og má enginn sem skyldur er að gegna réttarstörfum, fara fyrir en sundurdrætti er lokið, nema réttarstjóri leyfi. Ef einhver fjáreigandi utan sveitar eða innan leggur svo illa til réttarstarfa að töf verði að, er réttarstjóra heimilt að ráða menn á hans kostnað til þess að draga fé hans.

24. gr.

*Réttartollur.*

Réttarbónda skal árlega gjalda réttartoll úr fjallskilasjóði, eða sveitarsjóði þar sem enginn fjallskilasjóður er, ef hann gerir kröfu til þess. Skal gjaldið fara eftir samkomulagi við sveitarstjórn eða mati dómkvaddra manna.

25. gr.

*Ómerkingar.*

Réttarstjóri skal sjá um að allir ómerkingar séu dregnir í sérstakan dilk og réttarmönnum síðan gefinn kostur á að láta mæður helga sér afkvæmi sín.

26. gr.

*Óskilafé og línubrjótur.*

Óskilafé er það fé, sem enginn finnst eigandi að, ómerkingar allir sem ær helga sér ekki, mýetið fé og annað fé með ólæsileg mörk. Réttarstjóri skal sjá um að óskilafé og línubrjótur sé dregið í sérstakan dilk og sjúkar kindar settar í einangrun. Óskilafé og línubrjótum skal þegar lógað í sláturhúsi. Réttarstjóri eða hreppstjóri sér um að þessu sé framfylgt. Af sláturverði óskilafjár, sem lógað er skv. ákvæðum þessarar greinar, greiðist áfallinn kostnaður, en viðkomandi sveitarstjórn ákveður ráðstöfun eftirstöðva.

27. gr.

*Meðferð búfjár.*

Skylt er hverjum manni að greiða sem best fyrir fé annarra. Skal þess gætt að fara vel með fénað við smölun, rekstur, gæslu, sundurdrátt og flutning.

28. gr.

*Fjallfé eftir haustleitir.*

Fjallfé, sem finnst eftir haustleitir, skal tilkynna réttum eiganda eða oddvita, sem gerir sínar ráðstafanir á tilskildum tíma, ella skal fénu slátrað. Kostnað, sem af þessu leiðir, greiðir réttur eigandi.

## VI. KAFLI

**Ákvæði um hross.**

29. gr.

*Merkingar hrossa.*

Sérhver hrossaeigandi er skyldur til að hafa skýrt eyrnamark, frostmerkingu eða örmerki á öllum hrossum, veturgömlum og eldri.

30. gr.

*Hrossasmölun.*

Öllum hrossum, sem ekki eru í vörslu, skal smala til réttar. Sveitarstjórn eða fjallskilanefnd ákveður réttardag. Með óskilahross skal fara þannig, að þau skulu seld nauðungarsölu með þriggja vikna auglýsingarfresti. Innlausnarfrestur skal vera 12 vikur eftir söludag, án sérstakrar áskorunar til eiganda. Hross eru ekki í ábyrgð kaupanda, fyrr en innlausnarfrestur er liðinn.

**VII. KAFLI**  
**Ýmis ákvæði.**

31. gr.

*Refsiákvæði.*

Um brot gegn ákvæðum þessarar samþykktar skal fara að hætti opinberra mála.

32. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Samþykkt þessi, sem héraðsnefnd Strandasýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld fjallskilareglugerð fyrir Strandasýslu nr. 32 15. febrúar 1946.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 30. ágúst 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

---

*Jón Höskuldsson.*

Nr. 486

29. ágúst 1996

**AUGLÝSING**  
**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. að hámarkshraði í Hamrahlíð á milli Háuhlíðar og Eskitorgs verði 30 km/klst.
  2. að hámarkshraði verði 30 km/klst. á eftirtöldum götum í Hlíðahverfi:  
húsagötu Miklubrautar  
Eskihlíð frá Skógarhlíð að Eskitorgi  
Mjóuhlíð  
Engihlíð  
Reykjahlíð frá Miklubraut að Eskihlíð  
Barmahlíð frá Lönguhlíð að Engihlíð  
Mávahlíð frá Lönguhlíð að Reykjahlíð  
Drápuhlíð frá Lönguhlíð að Reykjahlíð  
Blönduhlíð frá Lönguhlíð að Eskihlíð
  3. að biðskylda verði á Lindargötu gagnvart Klapparstíg og á Lindargötu gagnvart Vatnsstíg og að stöðvunarskylda verði á Grundarstíg gagnvart Bjargarstíg.
- Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 29. ágúst 1996.*

Böðvar Bragason,  
e.u.  
**Sturla Þórðarson.**